

---

## Minnisblað – áhættumat

Dagsetning: 9. ágúst 2021

Höfundur: Kamilla Sigríður Jósefsdóttir, staðgengill sóttvarnalæknis

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalykill: 21011462

---

### **Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi reglugerð um samkomutakmarkanir vegna kórónaveirufaraldurs.**

---

Núgildandi reglugerð um samkomutakmarkanir tók gildi 23. júlí, með 200 manna fjöldatakmarki, 1 m reglu í verslunum og öðru opinberu húsnæði og grímuskyldu við sömu aðstæður.

Frá því að reglugerðin tók gildi hafa dagleg smit verið með því hæsta sem við höfum séð í heimsfaraldrinum, oftast yfir 100 á virkum dögum, allt upp í 150 suma daga, en lægra um helgar þegar minna er af sýnatökum. Hlutfall jákvæðra sýna af öllum einkennasýnum hefur verið 2,5-5% og helst nokkuð stöðugt. Hlutfall þeirra sem eru í sóttkví við greiningu hefur verið 33-45% en mögulega má merkja að það fari heldur hækkandi en hitt frá mánaðamótum.

Flest viðbragðskerfin vegna COVID-19 eru við þolmörk. Fjöldi sýna hefur verið mjög mikill og við hámarksafkastagetu veirufræðideildar flesta daga. Yfirleitt hefur þó gengið að klára öll sýni innan sólarhrings, jafnvel þótt tæpt hafi staðið suma daga vegna skorts á hvarfefnum.

Rakningateymi hefur á köflum þurft að gera ákveðnar breytingar á því hvernig haft er samband við þá sem þurfa að fara í sóttkví og nota sms skilaboð í stað símtala sem fyrstu tilkynningu en með liðsinni starfsmanna RKÍ hefur gengið betur að tryggja samskiptin um sóttkví. Unnið er að því að auka sjálfvirkni í skráningu á upplýsingum um einstaklinga sem smitaður einstaklingur tilgreinir sem útsetta til að draga úr þeim tíma sem fer í hverja rakningu.

Gerðar hafa verið breytingar á starfsemi sóttvarnahúsa til að tryggja að þar sé pláss fyrir þá sem ekki geta verið í einangrun í húsnæði á eigin vegum.

Landspítalinn hefur verið við þolmörk sl. viku og hefur þurft að kalla starfsmenn úr fríum og færa til sjúklinga til að hægt sé að hafa COVID smitaða á sérdeild með þjálfað starfsfólk þar við störf. Fjöldi smitaðra dag frá degi eða í heild segir ekki allt um það sem er framundan fyrir spítalann. Unnið er að nánari greiningu á hversu vel bólusetning verndar viðkvæma og almennt gegn alvarlegum veikindum byggt á áhættuflokkun fyrir bólusetningu, áhættuflokkun göngudeildar og aldri en meira en helmingur einstaklinga 70 ára og eldri sem greinst hafa í þessari bylgju eru á fyrstu viku veikinda nú og því ekki komin veruleg reynsla af því hvernig gangur veikinda verður hjá þessum aldurshópi.

Það er ekki tímabært að aflétta aðgerðum innanlands. Sóttvarnalæknir mælir með því að reglugerð sem fellur úr gildi eftir þessa viku verði framlengd um tvær vikur. Áfram þarf að fylgjast náið með ástandinu og ekki er útséð um að ástand geti versnað áður en það fer að lagast.